

Reykjavík, 30. maí 2013

Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. hyggst selja allt að 25% eignarhlut í Regin hf.

Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., sem er í eigu Landsbankans hf., hefur ákveðið að bjóða til sölu 325.000.000 hluti í Regin hf., sem samsvarar 25% af útgefnum hlutum í félaginu. Um er að ræða þegar útgefin bréf í Regin hf. í eigu Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. Útgefnir hlutir í Regin hf. eru samtals 1.300.000.000 og er hver hlutur 1 kr. að nafnverði.

Markaðsviðskipti Landsbankans hf. hafa umsjón með sölu hlutanna. Ekki verður gefin út lýsing vegna útboðsins í samræmi við undanþáguheimild c-liðar, 1. töluliðar, 1. málsgreinar 50. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Tilboðsgjafar skulu að lágmarki bjóða í 2.000.000 hluti í Regin hf. en lágmarksgengi í útboðinu verður 12,00 krónur á hlut.

Útboðsfyrirkomulag verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð miðast við það gengi sem tilboðsgjafi tilgreinir í tilboði sínu. Nánari útboðsskilmálar, ásamt tilboðseyðublöðum, verða aðgengilegir hjá Markaðsviðskiptum Landsbankans hf. eftir lokun viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. („Kauphöllin“) í dag, fimmtudaginn 30. maí 2013.

Tekið verður við tilboðum miðvikudaginn 5. júní 2013, frá kl. 10:00 (GMT), en tilboðsfrestur rennur út kl. 16:00 (GMT) sama dag. Niðurstöður útboðsins verða birtar í Kauphöll að loknu útboði.

Nánari upplýsingar veitir:

Helgi Þór Arason, forstöðumaður Markaðsviðskipta Landsbankans hf. Sími: 410 7335